

Miðvikudaginn 18. október 1967.

Nr. 49/1966. Ívar H. Jónsson (sjálfur)

gegn

Sigurgeiri Jónssyni

(Sigurður Reynir Pétursson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ærumeiðingar. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. marz 1966, að fengnu áfrýjunarleyfi 28. s. m., og gert þær dómkröfur, að honum verði dæmd sýkna af öllum kröfum stefnda og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta ákvæði hans um refsingu, þó svo, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa. Þá ber og einnig að staðfesta ákvæði hans um ómerkingu ummæla og greiðslu málskostnaðar. Dæma ber áfrýjanda samkvæmt 264. gr. laga nr. 19/1940 til að greiða stefnda fébætur, sem ákveðast kr. 5.000.00. Stefndi hefur krafizt staðfestingar héraðsdóms og þ. á m. ákvæða hans um birtingu forsendna og dómsorðs. Ekki hefur verið gerð krafa um birtingu dóms Hæstaréttar. Að svo vöxnu máli og þar sem héraðsdómi er breytt, ber að vísa frá dómi þessari kröfu stefnda.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Framangreindri kröfu er vísað frá dómi.

Ákvæði héraðsdóms um refsingu eiga að vera órösk-

uð, þó svo, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um ómerkingu ummæla og greiðslu málskostnaðar eiga að vera óröskuð.

Afrýjandi, Ívar H. Jónsson, greiði stefnda, Sigurgeiri Jónssyni, kr. 5.000.00 í fébætur.

Afrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lög-um.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 23. nóvember 1965.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 11. þ. m., hefur Sigur-geir Jónsson bæjarfógeti, Skjólbraut 20, Kópavogi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni hinn 30. apríl 1965, á hendur Ívari H. Jónssyni, Borgarholti, Ægissíðu 123 hér í borg, ritstjóra og ábyrgðarmanni Þjóðviljans, út af ummælum, sem birtust í 89. tbl. 30. árgangs blaðsins, sem út kom hinn 21. apríl 1965. Hin umstefndu ummæli birtust í fréttagrein á 8. blaðsíðu undir fyrirsögninni „Fógetinn í Kópavogi athafnasamur: Lét innsigla Blómaskálan og bera út köttinn og steikina“. Höfundar grein-arinnar er ekki getið. Í greininni er fjallað um þann atburð, að stefnandi, sem er bæjarfógeti í Kópavogi, lét á föstudaginn langa og páskadag í ár stöðva blómasölu í Blómaskálanum í Kópavogi, sem Þórður Þorsteinsson rekur, með því að loka húsakynnum blómasölunnar. Af því tilefni kvaddi Þórður blaðamenn á sinn fund og skýrði þeim frá aðgerðum þessum og skoðunum sínum á þeim. Munu flest dagblaðanna í Reykjavík hafa birt frétt af þessum fundi og m. a. birt skoðanir Þórðar Þorsteinssonar, sem þar komu fram.

Hin umstefndu ummæli eru þessi:

1. „Þórður kvaðst telja þessa framkomu bæjarfógeta í sinn garð fólkskulega persónulega árás ...“.
2. „... að fógeti væri að hefna sín á sér með þessum aðgerðum“.

Stefnandi telur ásakanir þær, sem fram koma í ummælum þessum, mjög móðgandi fyrir sig, enda tilhæfulausar með öllu. Sumar ásakanirnar séu svo alvarlegar, að varða mundi embættis-missi, ef sannar væru. Telur stefnandi slíkar árásir til þess fallnar

að draga úr trausti hans sem lögreglustjóra og héraðsdómara og líklegar til að auka á erfiðleika hans í umfangsmiklu og erfiðu embætti.

Stefnandi telur ummælin birt á ábyrgð stefnda sem ábyrgðarmanns Þjóðviljans. Telur hann ummælin varða við 234. gr. og 236. gr. almennra hegningarlaga, en til vara við 235. gr. sömlaga.

Gerir stefnandi eftirfarandi dómkröfur:

Að hin tilgreindu ummæli verði dæmd dauð og ómerk samkvæmt ákvæði 241. gr. almennra hegningarlaga.

Að stefndi verði dæmdur í þingstu refsingu, sem lög leyfa fyrir birtingu ummælanna.

Að stefndi verði dæmdur til að greiða honum miskabætur samkvæmt ákvæði 264. gr. almennra hegningarlaga, er nemi kr. 100.000.00.

Að stefndi verði með dómi skyldaður til að birta forsendur og niðurstöðu dóms í máli þessu í fyrsta eða öðru tölublaði Þjóðviljans, sem út kemur eftir birtingu dómsins fyrir stefnda, samkvæmt ákvæði 2. mgr. 22. gr. laga nr. 57/1956.

Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu að mati dómarans.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda, en sér jafnframt dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómarans.

Sýknukrafa stefnda er studd þeim rökum, að hin umstefndu ummæli verði á engan hátt skýrð sem vilhöll afstaða blaðsins til deilumála, sem annar aðili hafi gert opinber. Ummælin séu höfð eftir nafngreindum aðilja, Þórði Þorsteinssyni, á fundi, sem hann hafi kvatt fréttamenn allra dagblaðanna í Reykjavík til, og hafi eigi verið færðar að því sönnur, að ummælin séu ekki höfð rétt eftir Þórði. Er því haldið fram, að af framangreindum ástæðum sé ekki við stefnda eða blaðið að sakast út af hinum umstefndu ummælum, heldur Þórð Þorsteinsson.

Þá er því haldið fram, að þótt birting ummælanna verði út af fyrir sig talin móðgandi fyrir stefnanda, þá geti birtingin ekki talizt saknæm eða refsiverð, þar sem það hafi ekki verið tilgangur blaðsins að kasta rýrð á bæjarfógetann í Kópavogi eða embættisstörf hans eða undirmanna hans.

Höfundur fréttagreinarninnar, sem hin umstefndu ummæli birtust í, er ekki nafngreindur. Samkvæmt ákvæði 3. mgr. 15. gr., sbr. 16. gr. laga nr. 57/1956 ber því stefndi sem ábyrgðarmaður

Þjóðviljans refsí- og fébótaábyrgð á efni greinarinnar. Þykir það ekki fyrra stefnda ábyrgð, þótt ummælin séu höfð eftir Þórði Þorsteinssyni á almennum blaðamannafundi, sem hann boðaði til.

Verður nú afstaða tekin til hinna umstefndu ummæla.

Um 1. Í ummælum þessum felst aðdróttun um, að stefnandi hafi gerzt sekur um valdniðslu. Ummælin hafa ekki verið réttlætt. Eru þau meiðandi fyrir stefnanda. Þykir birting ummæla varða við 235. gr. almennra hegningarlaga. Samkvæmt 1. mgr. 241. gr. sömu laga ber að ómerkja ummælin.

Um 2. Í ummælum þessum felst einnig aðdróttun um það, að stefnandi hafi gerzt sekur um valdniðslu. Ummælin hafa ekki verið réttlætt. Eru þau meiðandi fyrir stefnanda. Þykir birting ummæla varða við 235. gr. almennra hegningarlaga. Samkvæmt 1. mgr. 241. grein sömu laga ber að ómerkja ummælin.

Refsing stefnda þykir hæfilega ákveðin 1.500 króna sekt í ríkissjóð, en sæta skal stefndi varðhaldi í þrjá daga, verði sektin eigi greidd innan aðfararfrests í máli þessu. Þá verður stefnda gert að greiða stefnanda bætur samkvæmt 1. mgr. 264. greinar almennra hegningarlaga. Þykja bætur þessar hæfilega ákveðnar kr. 10.000.00. Samkvæmt ákvæði 22. gr. laga nr. 57/1956 verður stefnda gert að birta forsendur og niðurstöðu dóms í máli þessu í fyrsta eða öðru tölublaði Þjóðviljans, sem út kemur eftir birtingu dómsins.

Eftir þessum úrslitum málsins verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 3.500.00.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Framangreind ummæli skulu vera ómerk.

Stefndi, Ívar H. Jónsson, greiði 1.500 króna sekt í ríkissjóð, en sæti ella varðhaldi í þrjá daga, verði sektin eigi greidd innan aðfararfrests í máli þessu.

Stefnda skal skylt að birta forsendur og niðurstöðu dóms í málinu í fyrsta eða öðru tölublaði Þjóðviljans, sem út kemur eftir lögbirtingu dómsins.

Stefndi greiði stefnanda, Sigurgeiri Jónssyni, kr. 10.000.00 og kr. 3.500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.